



## Móta- og keppendareglur

### A Mótanefnd

#### A-1 Hlutverk

Hlutverk mótanefndar er umsjón og framkvæmd dansmóta í samkvæmisdönsum í umboði stjórnar Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ).

#### A-2 Skipan

Mótanefnd skal skipuð fulltrúum tilnefndum af aðildarfélögum DSÍ en samþykkt af stjórn. Leitast skal eftir því að aðildarfélögin fái einn einstakling inn í mótanefnd. Stofna skal framkvæmdahóp sem aðstoðar við framkvæmd móta.

#### A-3 Verkefni mótanefndar

**A-3.1** Mótanefnd skal leggja fram mótaáætlun til stjórnar DSÍ fyrir a.m.k. eitt almanaksár fram í tímann. Í mótaáætlun skal koma fram eftirfarandi:

- a) Fjöldi keppna og dagsetningar.
- b) Aldursflokkar, dansar og titlar.
- c) Dómgæsla.
- d) Kynna skal mótsstaði.

**A-3.2** Mótanefnd skal framfylgja móta- og keppendareglum DSÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

**A-3.3** Mótanefnd skal framfylgja siðareglum DSÍ og ÍSÍ á mótum.

**A-3.4** Mótanefnd tekur ákvörðun um frestun og niðurfellingu móta í samráði við stjórn DSÍ.

**A-3.5** Ákvörðunum mótanefndar er hægt að áfrýja til stjórnar DSÍ.

### B Mótareglur

#### B-1 Mót

Reglur þessar gilda fyrir öll mót í samkvæmisdönsum svo og öll þau mót, hér á landi, sem eru viðurkennd af DSÍ.

#### B-2 Umsóknir um mótshald

Sækja þarf um leyfi fyrir öllum mótum til DSÍ. Öll mót skal tilkynna til allra aðildarfélaga DSÍ með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Þar skal koma fram dagsetning móts, keppnisdansar, aldursflokkar, mótshaldari og keppnisstaður.

Engjavegi 6, 105 Reykjavík

Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)



**Dansíþróttasamband Íslands – DSÍ Engjavegur 6, 104 Reykjavík**

DSÍ sér um að tilkynna mót til ÍSÍ, viðkomandi héraðssambands og/eða bandalags. Kappkosta skal að senda tilkynningar um mót á alla þá staði þar sem viðkomandi dansar eru iðkaðir.

Mótshaldara er heimilt að hafa auglýsingu frá styrktaraðila á keppnisnúmerum og skal farið eftir reglum WDSF hvað þetta varðar.

### **B-3 Mótsstaður**

**B-3.1** Mótsstaður skal ákveðinn af mótshaldara

**B-3.2** Reglur um mótsstað skulu vera að stærð keppnisgólfs skal vera a.m.k. 250 m<sup>2</sup> á Íslands- og bikarmeistaramótum.

### **B-4 Mótsstjórn**

**B-4.1** Mótstjórn skal skipuð af mótshaldara fyrir hvert mót. Hún skal framfylgja siða,- móta- og keppendareglum DSÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

**B-4.2** Mótsstjórn skal skipuð eftirfarandi aðilum: keppnisstjóra, aðstoðarkeppnisstjóra, útreikningsstjóra og fagdómara.

a) Keppnisstjóri, skal annast alla stjórn keppinnar og bera ábyrgð á að tímatöflu sé fylgt. Einnig skal hann sjá um að keppni gangi vel og greiðlega fyrir sig, bæði hvað varðar keppendur og starfsmenn. Keppnisstjóri skal eftir keppni skila mótsskýrslu til stjórnar DSÍ ásamt því að sjá til þess að öll úrslit verði aðgengileg á heimasíðu DSÍ.

b) Aðstoðarkeppnisstjóri, er milliliður á milli keppnisstjóra og mótsins.

c) Útreikningsstjóri, skal vera ábyrgur fyrir öllum útreikningi á úrslitum byggðum á einkunnagjöf dómara. Útreikningsstjóri skal hafa viðurkennd réttindi til útreiknings. Stjórn DSÍ getur leyft undantekningu frá þessu.

d) Fagdómari, skal vera með viðurkennd dómara réttindi frá WDSF eða kennarapróf sem er viðurkennt af DÍ. Hann skal annast eftirlit með því að keppendur fylgi reglum um leyfileg spor og klæðnað og að taktur í tónlist sé réttur fyrir viðkomandi aldursflokk. Hafir hann athugasemdir kemur hann þeim til keppnisstóra ásamt tillögum um úrbætur.

**B-4.3** Aðildarfélög skulu tilnefna liðstjóra, til að annast samskipti við mótstjórn.

### **B-5 Dómarar**

**B-5.1** Dómarar á Íslands- og bikarmeistaramótum með frjálstri aðferð skulu eigi vera færri en fimm og hafa gild alþjóðleg dómara réttindi í samkvæmisdönsum.

**B-5.2** Dómarar á Íslands- og bikarmeistaramótum með grunnaðferð og á öðrum mótum skulu hafa gild alþjóðleg dómara réttindi í samkvæmisdönsum eða hafa lokið danskennaraprófi.

**Engjavegi 6, 105 Reykjavík**

**Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)**



**Dansíþróttasamband Íslands – DSÍ Engjavegur 6, 104 Reykjavík**

**B-5.3** Dómarar skulu fara eftir dómaraeglum WDSF, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum þessum.

**B-5.4** Dómari getur verið maki, skyldur eða mægður dómara í beinan legg eða öðrum lið til hliðar.

**B-5.5** stjórn DSI getur veitt undanþágu að leyfa íslenskum danskennurum sem eru viðurkenndir af DÍ að dæma á Íslands- og bikarmeistaramótum.

## **B-6 Hvíldartími og tónlist**

Í keppnum í fjórum og fimm dönsum skal hvíldartími á milli umferða, taktur og lengd tónlistar fara eftir reglum WDSF.

## **B-7 Úrslit**

**B-7.1** Útreikning úrslita skal byggja á "Skating" reglunum fyrir samkvæmisdans. Úrslit skulu staðfest af útreikningsstjóra og keppnisstjóra.

**B-7.2** Skýrslu um öll úrslit, ásamt skýrslu keppnisstjóra, skal skila til stjórnar DSÍ innan 14 daga frá því keppni fór fram.

## **B-8 Framkoma og agi**

**B-8.1** Keppendur, þjálfarar, áhorfendur og allir þeir sem eru á keppnisstað ber að hlíta reglum DSÍ. Einnig ber öllum að hlíta fyrirmælum keppnisstjóra.

## **B-9 Athugasemdir og kærur**

**B-9.1** Öllum athugasemdum á dansmótum skal koma til liðstjóra viðkomandi íþróttafélags sem kemur þeim til keppnisstjóra. Keppnisstjóra ber að sinna slíkum erindum svo fljótt sem auðið er. Úrskurður keppnisstjóra á keppni er endanlegur.

**B-9.2** Keppnisstjóri skal í mótsskýrslu, eftir hvert mót, greina frá öllum athugasemdum sem berast. Einnig getur hann um, ef honum hefur reynst nauðsynlegt að beita þeim ákvæðum sem hann hefur heimild til.

**B-9.3** Kærur þurfa að berst til Dómstóls ÍSÍ innan viku frá því að atvik það, sem kært er, bar við eða ástandi lauk. Allar kærur verða að vera skriflegar og rökstuddar. Nota skal eyðublað sem Dómstóll ÍSÍ hefur látið útbúa.

## **B-10 Leyfileg spor með grunnaðferð**

**B-10.1** Leyfileg grunnspor fara eftir reglum WDSF á hverjum tíma (Syllabus) sem og reglum ISTD og IDTA.

**Engjavegi 6, 105 Reykjavík**

**Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)**



*Dansíþróttasamband Íslands – DSÍ Engjavegur 6, 104 Reykjavík*

**B-10.2** Almenn regla fyrir alla dansa er að „lyftur“ eru stranglega bannaðar í öllum dönsum. „Lyftur“ eru skilgreindar sem hreyfing þar sem annar dansara hefur hvorugan fótinn á gólfinu og hefur stuðning og/eða hjálp frá dansfélaga sínum til þess að ná þessari stöðu.

### **C Keppendareglur**

#### **C-1 Þátttökutilkynningar-Skráning.**

**C-1.1** Skráningar skulu berast til mótshaldara með þeim hætti sem mótshaldari ákveður á hverjum tíma.

**C-1.2** Skráning keppenda er á ábyrgð aðildarfélaganna og vera með vitund og vilja keppenda.

**C-1.3** Þar sem er í sitt hvoru dansfélaginu getur aðeins keppt fyrir annað félagið á viðkomandi móti, með samþykki beggja félaga.

**C-1.4** Keppandi æfir sig og keppir á eigin ábyrgð og ber mótshaldari því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

**C-1.5** Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu. Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð, minnst með klukkustundar fyrirvara. Enginn má ganga úr keppni, þótt hann hafi lögleg forföll, án þess að tilkynna það keppnistjóra eða mótisstjórn.

**C-1.6** Einungis er heimilt að skrá þar í einn aldursflokk.

**C-1.6.1** Undantekningar frá þessu eru:

**A** Keppendum í flokki ungmenna er heimilt að keppa samhliða í flokki undir 21 árs eða í flokki fullorðinna. Ungmenni geta því aðeins valið um að keppa í tveimur flokkum á sama móti.

**B** Keppendum í flokki fullorðinna sem eru yngri en 21 árs er líka heimilt að keppa í flokki undir 21 árs.

**C** Keppendum í flokki seniora er einnig heimilt að keppa í flokki fullorðinna.

**C-1.6.2** Keppendum í öðrum flokkum en greinir í C-1.6.1 er ekki heimilt að keppa í öðrum aldursflokki en fæðingarár segir til um. Miðað við fæðingarár keppenda sem eldri er.

**C-1.7** Ágreiningi um réttmæti þátttöku íþróttamanns til keppni skal vísað til stjórnar DSÍ.

#### **C-2 Keppnisréttur**

Einungis iðkendum í félögum innan vébanda DSÍ er heimil þátttaka á Íslands- og bikarmeistaramótum.

**Engjavegi 6, 105 Reykjavík**

**Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)**



### C-3 Keppendur af blönduðu þjóðerni.

Til að mega taka þátt í Íslands- og bikarmeistaramóti í samkvæmisdönsum verður annar keppenda hjá skráðu danspari að vera íslenskur ríkisborgari. Undantekning frá þessari reglu er ef par (báðir aðilar) eru erlendir ríkisborgarar að þá þarf annar einstaklingurinn að hafa a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu á Íslandi og vera skráður hjá aðildarfélagi innan DSÍ.

Reglur um flutning á milli landa skal fara eftir reglu D.2. í keppendareglum WDSF.

Reglur um þáttöku á HM/EM hjá keppendum af blönduðu þjóðerni fer eftir keppendareglum WDSF. Þá þarf annar keppenda hjá skráðu danspari að vera íslenskur ríkisborgari samkvæmt núgildandi reglum WDSF.

### C-4 Keppnisflokkar

	Standard	Latin
<b>Börn I</b>		
Einn dans	W	C
Tveir dansar	W-Q	C-J
Þrjú dansar	W-T-Q	S-C-J
<b>Börn II</b>		
Tveir dansar	W-Q	C-J
Þrjú dansar	W-T-Q	S-C-J
Fjórir dansar	W-T-F-Q	S-C-R-J
<b>Unglingar I og eldri</b>		
Tveir dansar	W-Q	C-J
Þrjú dansar	W-T-Q	S-C-J
Fjórir dansar	W-T-F-Q	S-C-R-J

### Meistaraflokkur

W-T-VV-F-Q S-C-R-P-J (Dansað með frjálstri aðferð.)

### Sýningarhópar:

1 dans	W	C
2 dansar	W-Q	C-J

Mótshaldari ákveður á hverjum tíma hvaða keppnisflokkar eru í boði á þeim mótum sem hann heldur sbr. grein B-2.

C-4.1 Boðið verður upp á sér dömuflokka/herraflokka.

C-4.2 Boðið verður upp á einstaklings dans (sóló).

C-4.3 Boðið verður upp á stjörnuflokk fyrir fólk með fötlun.

Engjavegi 6, 105 Reykjavík

Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)



C-4.4 Reglur um pro/am koma fram í viðauka.

## **C-5 Aldursskipting**

### **C-5.1 Eftirfarandi aldursskipting gildir á mótum:**

Börn I	8-9 ára á almanaksárinu
Börn II	10-11 ára á almanaksárinu
Unglingar I	12-13 ára á almanaksárinu
Unglingar II	14-15 ára á almanaksárinu
Ungmenn	16-18 ára á almanaksárinu
Undir 21 árs	16-20 ára á almanaksárinu
Fullorðnir	19-34 ára á almanaksárinu

Senior I 35 ára og eldri á almanaksárinu. Annar aðilinn má vera yngri en þarf að vera a.m.k. 30 ára á almanaksárinu samkvæmt reglum WDSF.

Senior II 45 ára og eldri á almanaksárinu en annar aðillinn má vera yngri en þarf að vera 40 á almanaksárinu samkvæmt reglum WDSF

Senior III 55 ára og eldri á almanaksárinu en annar aðillinn má vera yngri en þarf að vera 50 á almanaksárinu samkvæmt reglum WDSF

Senior IV 65 ára og eldri á almanaksárinu en annar aðillinn má vera yngri en þarf að vera 60 á almanaksárinu samkvæmt reglum WDSF

**C-5.2** Börnum 7 ára og yngri er heimilt að keppa í floknum Börn I.

**C-5.3** Í öllum aldursflokkum má annar dansaranna vera yngri. Í senior flokkum þar að fara eftir reglu C-5.1

C-5.4 Heimilt er að sameina flokka I og II í einn aldursflokk, nema á Íslands- og bikarmeistaramótum.

## **C-6 Flutningur milli flokka**

**C-6.1** Til þess að mega flytja til baka í grunnsporaflokkinn sem parið fluttist úr gildir sú almenna regla, að líða verði 6 mánuðir frá síðustu þátttöku parsins á móti til þess að mega snúa til baka.

**C-6.2** Ef par sem hefur keppt í frjálsi aðferð vill snúa aftur í flokk sem keppir í grunnsporum, þá þurfa að líða 6 mánuðir frá síðustu þátttöku þeirra á Íslands- og bikarmeistaramóti með frjálsri aðferð uns þau mega taka þátt í keppni í grunnsporum á ný. Þetta gildir einnig ef viðkomandi dansarar dansa með nýjum dansfélaga sem ekki hefur keppt áður á Íslands- og bikarmeistaramóti með frjálsri aðferð.

**Engjavegi 6, 105 Reykjavík**

**Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)**



**Dansíróttasamband Íslands – DSÍ Engjavegur 6, 104 Reykjavík**

**C-6.3** Ef einstaklingur skiptir um dansféлага og byrjar að dansa við einstakling sem er byrjandi eða hefur keppt í færri dönsum þá má það keppnispar færast niður einn flokk miðað við þann sem er með meiri keppnisreynslu.

### **C-7 Lyfjamisnotkun**

**C-7.1** Lyfjamisnotkun er stranglega bönnuð. Lyfjamisnotkun er notkun og dreifing efna sem eru á bannlista Alþjóða Ólympíunefndarinnar.

**C-7.2** Allir dansarar verða, ef um það beðnir, að fara í lyfjapróf. Neitun við slíkri beiðni telst sem „jákvæð” niðurstaða og verður meðhöndluð sem slík.

**C-7.3** Um framkvæmd lyfjaprófa gilda reglur ÍSÍ.

### **D Félagaskiptareglur**

**D-1** Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi tímabilum:

Frá 1. Júní til 20. September.

Frá 20. Desember til 20. Janúar.

**D-2** Til þess að félagaskipti geti farið fram þarf að tilkynna stjórn DSÍ um félagaskiptin og þarf að fylgja yfirlýsing frá fráfarandi félagi um að allar skuldir iðkanda við félagið séu greiddar. Nota skal eyðublað DSÍ um félagaskipti.

**D-3** Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal stjórn DSÍ úrskurða í málinu.

### **F Viðurlög**

**F-1** Viðurlög við brotum á reglum þessum varðar beitingu siðareglna DSÍ eða dóms- og refsíákvæða ÍSÍ.

### **G Sérákvæði**

**G-1** Íslands- og bikarmeistaratitlar fyrir þá, sem keppa með grunnaðferð, eru eingöngu veittir þeim sem keppa í flestum dönsum í sínum aldurflokki.

**G-2** Íslands- og bikarmeistaratitlar eru veittir í öllum aldursflokkum fyrir þá, sem keppa með frjálsri aðferð.

**G-3** Reglur ÍSÍ og WDSF gilda um þau atriði sem ekki koma fram í þessum reglum.

**Engjavegi 6, 105 Reykjavík**

**Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)**



**Dansíþróttasamband Íslands – DSÍ Engjavegur 6, 104 Reykjavík**

Reglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundum DSÍ 27. maí 2014, þær gilda frá 1. júní 2014.

Grein C-1.6.2 bætt við og samþykkt á stjórnarfundum DSÍ 6. febrúar 2017, og tekur breytingin strax gildi.

Grein B-5.3 breytt og grein B-5.4 bætt við og samþykkt á stjórnarfundum DSÍ 4. maí 2017, og tekur breytingin strax gildi.

Grein C-1.6.1. C breytt og samþykkt á stjórnarfundum DSÍ 10. mars 2019, og tekur breytingin strax gildi.

Greinar A-2, A-3, D, B-4.2, D, B-10.1, C-1.6.1, C, C-3, C-5.1, C-5.3, G-3 breitt og greinar B-5.5, C-4, C-4.1, C-4.2, C-4.3, C-4.4 bætt við og samþykkt á stjórnarfundum DSÍ 6. desember 2020 og tekur breytingin strax gildi.

**Engjavegi 6, 105 Reykjavík**

**Sími: 514-4212 Fax: 564-2780 Heimasíða: [www.dsi.is](http://www.dsi.is) Netfang: [dsi@isi.is](mailto:dsi@isi.is)**